

## **Kolviður**

### **Ársfundur fyrir árið 2009**

**Nauthóli 7. júní 2010**

### **Skýrsla stjórnar fyrir árið 2009**

Kolviðarsjóðurinn er stofnaður af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd sem hafa yfirumsjón með starfsemi hans. Kolviðarsjóðurinn starfar samkvæmt skipulagsskrá sem staðfest var í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 15. júní 2006 og samkvæmt „Lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. „

Í stjórn Kolviðar sátu á árinu Bergur Sigurðsson, Björgólfur Thorsteinsson, Einar Gunnarsson, Magnús Gunnarsson og Reynir Kristinsson.

Bergur sagði sig úr stjórn vegna stjórnmalabátttöku í upphafi árs.

Samið var við Björgólf um að hann annaðist umsýslu með starfseminni í hlutastarfi og að Skógræktarfélag Íslands annaðist bókhald fyrir sjóðinn.

Ekki er í skipulagsskrá kveðið á um aðalfund eða ársfund en núverandi stjórn sjóðsins telur eðlilegt að gerð sé grein fyrir starfsemi hans árlega til þess að tryggja gegnsæi starfseminnar og með góðum erindum að stuðla að aukinni vitund um losun gróðurhúsalofttegunda, er þetta annar slíkur fundur okkar.

### **Markmið Kolviðar**

Kolviður er sjóður sem miðar að því að binda kolefni í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koldíoxíðs (CO<sub>2</sub>) í andrúmslofti.

Sjóðurinn vinnur að þessu m.a. með því að:

Gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus.

Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt.

Stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs.

Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.

Draga úr heildar losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi

Sjóðurinn hvetur til að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda af fremsta megni og til kolefnisbindingar í jarðvegi og gróðri fyrir þá losun sem óhjákvæmileg er.

Horft til lengri tíma munu þau svæði sem Kolviður plantar í verða áhugaverð til frekari rannsókna og útivistar.

### **Endurskoðun**

Það er mikilvægt að sjóðir eins og Kolviðarsjóðurinn njóti fulls traust þeirra sem leggja honum til fjármuni til kolefnisjöfnunar. Stjórn sjóðsins valdi endurskoðendafyrirtækið KPMG til þess að yfirfara og endurskoða fjármál sjóðsins fyrir árið 2009.

Reikningar sjóðsins eru sendir Ríkisendurskoðun samkvæmt lögum sem gilda um slíka sjóði.

### **Sala á kolefnisjöfnun árið 2009**

Eftir að kreppan mikla skall á þá hafa fyrirtæki og einstaklingar haldið að sér höndum og forgangsröðun þeirra hefur ekki verið á þann veg að kolefnisjöfnun losunar hafi verið efst á blaði. Það tókst eftir all nokkrar umræður og fundi með umhverfisráðherra að fá ríkið til þess að framlengja samning sinnnum um kolefnisjöfnun bílaflota ríkisins um eitt ár sem skilaði okkur um 14,5 millj. kr. tekjum á árinu. Því fylgdi jafnframt að þetta væri í síðasta sinn sem það væri með þessum hætti.

Aðrar sölutekjur voru aðeins um 1,3 milljónir.

Mikið var rætt um leiðir til þess að auka sölu á kolefnisjöfnun og fengum við í lið með okkur valinkunna einstaklinga. Við skoðuðum möguleika á Kolefnisjöfnunarkorti í samstarfi við ferðþjónustuaðila. Með kaupum á kortinu stuðluðu kaupendur að kolefnisjöfnun of fengju um leið afslætti hjá aðilum í ferðþjónustu. Þetta þótti of kostnaðarsamt og flókið í framkvæmd. Einnig var skoðaður möguleiki á að hringja í ákvæði símanúmer og leggja þannig inn til kolefnisjöfnunar en símafyrirtækin réðu ekki við innheimtuna á því.

Við ræddum um möguleika á að bjóða upp á kolefnisjöfnun með gróðursetningu erlendis og horfðum til Plan Vivo samtakana í þeim efnum. Innlendir aðilar hafa hinsvegar alfarið viljað stuðla að gróðursetningu hér á landi.

Miðað við ástandið hér á landi þótti ekki líklegt að Íslendingar kolefnisjöfnuðu mikið af þeirra losun og því var hugað sérstaklega að þeim sem koma til landsins og fá þá til þess að leggja landinu lið og kolefnisjafna ferðir sínar.

Gerð var atlaga að flugfélögunum, bílaleigunum og fleiri aðilum varðandi aðgengi að kolefnisjöfnun gegnum þeirra heimasíður. Hugmyndin var að fólk kolefnisjafnaði um leið og það keypti flug eða leigði bílaleigubíl. Enn sem komið er hefur ekki verið hægt að koma þessu fyrir með góðum hætti á heimasíðum þeirra og skilar því mjög litlu til Kolviðar.

Einnig höfum við verið með í skoðun að setja upp stand í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem flugfarþegar geta fræðst um kolefnisjöfnun og kolefnisjafnað ferðir sínar. Rætt er um tvo slíka standa. Verið er að vinna í þessu máli m.a. með Nýherja. Hliðstæður standur hefur verið settur upp á flugvöllinum í San Francisco.

Sala á kolefnisjöfnun erlendis hefur einnig verið mikið í umræðunni hjá okkur og við verið í sambandi við aðila í Svíþjóð, Carbon Neutral í Bretlandi og víðar varðandi það.

Við lítum út fyrir að vera samkeppnishæf í verðum miðað við þann kostnað sem fylgir því að leigja, planta og hirða slíka ræktun hér á landi.

Við höfum kallað eftir því að opinberir aðilar verði tilbúnir til þess að votta samkvæmt alþjóðlegum stöðlum kolefnisbindingu með skógrækt hér á landi.

Lögin um umhverfis- og auðlindaskatta sem sett voru 23. des. 2009 hafa ekki auðveldað Kolviði að ná til fyrirtækja og einstaklinga.

### **Leiðir til að stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.**

Auk þess að nýta heimasíðu Kolviðar sem best til upplýsingar og fræðslu þá höfum við ákveðið að vera með tvo fundi þar sem málin eru rædd fræðilega.

Annar þeirra er ársfundur okkar og hinn er tengdur Norræna loftslagsdeginum sem var síðast 11. nóv. 2009.

Á síðast ársfundi 29 júní 2009 flutti Jón Geir Pétursson, sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu erindi sem hann nefndi „Staða og framtíðarhorfur mótvægisáðgerða í loftslagsmálum.

Á Norræna loftslagsdeginum sem við héldum í samvinnu við REYST flutti Katrín Jakobsdóttir iðnaðarráðherra ávarp, Halldór Björnsson deildarstjóri hjá Veðurstofu Íslands ræddi um Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi, Helgi Björnsson vísindamaður á raunvísindadeild HÍ ræddi um Afleiðingar loftslagshlínunar og Einar Gunnarsson hjá Skógræktarfélagi Íslands ræddi um Kolefnisjöfnun með skógrækt, möguleikum og kostnaði.

Elísabet V Ragnheiðardóttir meistaranemi í REYST kynnti rannsókn sína á Arðsemismati á kolefnisbindingu í bergi, Eyrún Guðjónsdóttir hjá Kolku ræddi um Kolefnismarkaði hlutverk þeirra og möguleika íslendinga á þessu sviði. Að lokum ræddi Hugi Ólafsson um hvað væri framundan í loftslagsmálum

Miklar væntingar voru til umræðunnar og loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn í desember 2009. En henni lauk hinsvegar án samkomulags og það var eins og loftið færi úr blöðrunni og loftslagsumræðan hefur vikið fyrir annarri umræðu sem tengist fjármálum heimsins.

### **Gróðursetning**

Á árinu 2009 voru gróðursettar um 150.000 plöntur og hefur þá verið plantað um 475 þús. plöntum í Geitasand og er svæðið þar nú nær fullnýtt. Engin plöntun á sér stað á árinu 2010 en borið verður á þær plöntur sem þar eru.

Verið er að ganga frá samningnum um Geitasand en þeim samningi sem hafði verið gerður var hafnað í ráðuneytinu vegna tímalengdar hans.

Farið er að líta eftir nýjum möguleikum varðandi plöntun og rætt hefur verið við Landgræðslu ríkisins um stækkun á Geitasandi og ný svæði einnig hefur verið rætt við Biskupsstofu varðandi nýtingu kirkjujarða. Kolviði hefur verið vel tekið en niðurstöður liggja ekki fyrir.

Mestur áhugi er þó fyrir því að Kolviður eignist land til gróðursetningar þannig skapast ávinningur fyrir sjóðinn þegar uppgróið landið verður síðar selt.

### **Fjárhagsleg staða**

Fjárhagsleg staða Kolviðar er sterk. Handbært fé er um 20 milljónir en langtíma skuldbindingar um 11 milljónir.

### **Framtíðarsýn**

Ekki hefur fundist leið til þess að fá opinbera aðila til þess að halda áfram að kolefnisjafna losun sína á árinu 2010 og sýna þannig gott fordæmi, þrátt fyrir lög og loforð í þá áttina.

Ljóst er að víðtæk skógrækt á Suðurlandi myndi binda verulega það ryk sem nú angrar menn og skeppnur á svæðinu. Ef hugsa á til framtíðar er ekki seinna vænna að fara í gang með víðtæka skógrækt á Suðurlandi og búa þannig í haginn fyrir næstu hamfarir. Kolviður hefur mikinn áhuga á þátttöku í slíku verkefni.

Væntingar eru bundnar við sölu á kolefnisbindingu til erlendra fyrirtækja á næstu árum á meðan innlendi markaðurinn er að byggjast upp að nýju eftir hrunið.

Kolefnisbinding með skógrækt er í raun eina raunhæfa bindingin og við eigum mikið af óuppgrónu landi þannig að Kolviður á að hafa alla burði til þess að eiga annasama og farsæla framtíð.

Fh. Stjórnar Kolviðar  
Reynir Kristinsson, form.